

Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps,

haldinn 3. júní 2020 í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri, kl. 16:00.

Fundur nr. 170.

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson, formaður (D), Anna Magdalena Buda (D), Arndís J. Harðardóttir (Z) og Fanney Ásgeirs dóttir (Z).

Jón Hrafn Karlsson (D) boðaði forföll.

Fanney ritar fundargerð.

Kl. 16:00 - Fræðslunefnd.

1) Staða skólamála frá síðasta fræðslunefndarfundi.

Samráðshópur um mótuneytismál er búinn að funda tvisvar og er að setja upp mögulegar sviðsmyndir. Mótuneytið í grunnskólanum verður opið þar til leikskólinn fer í sumarfrí. Fulltrúi Fræðslunefndar sat einnig fund í Nefnd um Þekkingarsetur.

2) Bréf sem borist hafa nefndinni.

Farið yfir bréf sem borist hafa til kynningar.

3) Önnur mál.

Kl. 17:00 – Heilsuleikskólinn Kæribær.

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar mæta til fundar undir þessum lið:

Guðrún Sigurðardóttir, skólastjóri, og Sólveig Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra.

1) Skóladagatal 2020-2021.

Skóladagatal Heilsuleikskólangs Kærabæjar lagt fram til samþykktar. Fræðslunefnd samþykkir skóladagatalið með fyrirvara um samþykki foreldraráðs.

2) Móttökuáætlun nýrra barna.

Móttökuáætlun kynnt. Fræðslunefnd þakkar kynninguna.

3) Fræðileg umfjöllun – vinnuskjal.

Kynning á stöðu þróunarverkefnisins, Snemmtæk íhlutun í málörvun ungra barna.
Fræðslunefnd þakkar kynninguna.

4) Mótuneyti.

Mótuneyti Kirkjubæjarskóla heldur áfram að sjá leikskólanum fyrir hádegismat út júní.
Samráðshópur um mótuneytismál mun leggja fram tillögur um framhaldið á næstunni.

5) Önnur mál.

Fyrirsjáanlegt að það verður erfitt að koma nemendum skólangs fyrir næsta haust. Þá verða nemendur 36 en eru nú 33. Starfsmannamál eru í góðu horfi.

Kl. 17:45 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Til fundarins mætir Zbigniew Zuchowicz, skólastjóri.

1) Almennt um skólastarfið í veturn.



Skólaár byrjaði með hefðbundnum hætti. 21 nemandi í upphafi. Eftir áramót voru 23 í námi, og hljóðfærum sem kennt er á hefur fjölgæð. Nemendur hafa spilað á uppskeru- og þakkarhátíð og við kirkjuathafnir. Á vorönninni hefur orðið allmikil röskun á skólastarfinu og ekki var unnt að fylgja eftir áformum um að safna upptökum af vinnu nemenda. Eins hefur ferð til Víkur verið frestað fram á næsta skólaár. Vortónleikum hefur sömuleiðis verið frestað og verður stefnt á tónleika á Uppsakeru- og þakkarhátíð á komandi hausti.

2) Bréf frá Auðbjörgu B. Bjarnadóttur, dags. 23. apríl 2020.

Sveitarstjóri hefur nú þegar svarað bréfinu fyrir hönd sveitarfélagsins með bréfi dagsettu 25.apríl. sl. Fraðslunefnd tekur undir svar sveitarstjóra.

3) Samstarf tónlistarskóla við grunnskóla.

Rætt um samstarf skólanna. Fram kom hjá skólastjóra að upplýsingagjöf frá grunnskólanum sé ábótavant í ýmsum atriðum.

4) Húsnaðismál.

Rætt um hugmyndir um flutning á kennslustofum tónlistarskólans í tengslum við flutning Þekkingarsetursins, inn í skólahúsnæðið. Skólastjóri er sáttur við fyrirliggjandi tillögu að skipulagi neðri hæðar heimavistarálmu.

5) Hugmyndir skólastjóra um næsta skólaár.

Næsta haust hefst með undirbúningi fyrir nemendatónleika sem verða þá í tengslum við Uppsakeru- og þakkarhátíð Skaftárhrepps. Í framhaldi er stefnt á upptökur og að afraksturinn verði tilbúinn á jólatónleikum.

6) Önnur mál.

Engin önnur mál.

Kl. 18:30 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar eru mættir til fundar undir þessum lið:

Inga Lóa Hannesdóttir, staðgengill skólastjóra, og Auður Guðbjörnsdóttir, fulltrúi foreldra.

1) Skóladagatal 2020 – 2021.

Skóladagatal grunnskólans lagt fyrir til samþykktar. Fræðslunefnd samþykkir skóladagatalið.

2) Starfsmannamál.

Tveir kennrar fara í fæðingarorlof næsta skólaár og tveir leiðbeinendur eru í starfi við skólann. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda umsókna fyrir næsta skólaár.

3) Málefni nemenda.

Farið yfir minnisblað skólastjóra um mætingar/fjarveru nemenda á síðustu vikum skólaársins.

4) Samstarf grunnskóla og tónlistarskóla.

Lagt fram minnisblað v. samstarfs Kirkjubæjarskóla og Tónlistarskóla. Fyrirhugað er að skólastjórar skólanna fundi á næstunni og leggi grunn að samstarfi næsta vetrar.

5) Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:27


Þorsteinn M. Kristinsson


Arndís Jóhanna Harðardóttir


Anna Magdalena Buda


Fanney Ásgeirsdóttir